

Hamraskóli 26. janúar 2012.

Ályktun fundar foreldra og íbúa í Hamra- og Bryggjuhverfi 26. janúar 2012.

Við foreldrar og íbúar í Hamra- og Bryggjuhverfi furðum okkur á þeim ásetningi borgaryfirvalda að flytja unglिंगadeild Hamraskóla í safnskóla í Foldaskóla haustið 2012 þrátt fyrir almenna og ítrekaða andstöðu foreldra og íbúa hverfisins. Nú þegar einungis fjórir mánuðir eru eftir af yfirstandandi skólaári þá blasa enn við foreldrum fjölmargir óvissuþættir og enn er fjölda spurninga ósvarað varðandi sameininguna og grunnþjónustu í Hamra- og Bryggjuhverfi, þrátt fyrir loforð um samráð og íbúalýðræði. Við fordæmum hroðvirknisleg vinnubrögð ráðamanna og sættum okkur ekki við þau.

Enn fremur hafa á fundum skóla og frístundaráðs, áður menntaráðs, ítrekað komið fram bókanir frá fagaðilum sem gagnrýna framkvæmd og verklag sameiningaferlisins. Enn hefur ekki verið sýnt fram á fjárhagslegan ávinning með sameiningunni og þar sem Hamraskóli skarar fram úr á mörgum sviðum, samanber Skýrslu um heildstætt mat á skólstarfinu, sjáum við ekki að hag barnanna okkar sé betur borgið með því að sameinast unglिंगadeild Foldaskóla og förum því fram á að hætt verði við sameininguna.

Foreldrar barna í Hamraskóla
Íbúar í Hamra- og Bryggjuhverfi